

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu, um fjallskil og fleira,
frá 15. júlí 1941.

127

1. sept.

Í IV. kafla, 11. gr., í stað orðanna „því upprekstrarfélagi“ komi: þeim hreppi.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus“ til hjálpar bágstöddu, mállausu fólki á Íslandi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. september 1944. 128
7. sept.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus.

1. gr.

Nafn sjóðsins er „Styrktarsjóður Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus“ til hjálpar bágstöddu, mállausu fólki á Íslandi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 26. maí 1944 af meðlimum kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík með 6500 krónum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja bágstadda málleysingja að afloknu skólanámi.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða sparisjóði eða með kaupum á bankavaxta- eða ríkisskuldabréfum.

5. gr.

Vextir og annað, er sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn að upphæð 10000 kr. Eftir það má verja $\frac{3}{4}$ af ársvöxtum sjóðsins til styrktar áðurnefndum málleysingjum, en $\frac{1}{4}$ skal leggja við höfuðstólinn. Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 20000 kr. má verja öllum ársvöxtum hans og öðrum tekjum eftir því, sem þurfa þykir, en höfuðstóllinn, 20000 kr., má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur, er kvennaklúbburinn Zonta í Reykjavík kys úr sínum hópi á aðalfundi til eins árs í senn. Reikningar sjóðsins skulu árlega

128 endurskoðaðir af 2 konum, er kosnar skulu með sama hætti. Sjóðstjórnin veitir 7. sept. styrki og sér um ávöxtun á eignum sjóðsins.

7. gr.

Sjóðstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundarsamþykktir, styrkveitingar og annað, er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikningana.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir árlega í Lögbirtingablaðinu.

9. gr.

Óski kvennaklúbburinn Zonta þess síðar að láta af stjórn sjóðsins, skal hann afhentur kennslumálaráðherra, er þá skipar stjórn hans, og skal þá jafnan a. m. k. ein kona eiga sæti í stjórninni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 18. ágúst 1944.

Í stjórn kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík.

Ellen Hallgrímsson,
form.

Anna Friðriksson,
gjaldkeri.

Katrín Söebeck,
ritari.

129
21. des.

REGLUGERÐ

um útvarpsrekstur ríkisins.

Samkvæmt lögum nr. 68 28. desember 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, svo og lögum um breytingu á þeim lögum, nr. 64 frá 31. desember 1939 og nr. 25 frá 28. febrúar 1943, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

I. KAFLI

Um skipulag og stjórn útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur reka útvarpsstöð í Reykjavík, og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annars staðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og rekstur þeirra nefnist einu nafni: Ríkisútvarpið og ber undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.